

Greinargerð

Áhrif frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 74/2012, um veiðigjöld (innheimta veiðigjalda, sérstakt veiðigjald o.fl.) á rekstur og efnahag íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja

Akureyri 22. júní 2013

Stefán B. Gunnlaugsson

Dósent við viðskiptadeild Háskólans á Akureyri

Inngangur

Að beiðni Kristjáns Skarphéðinssonar ráðuneytisstjóra Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins hef ég tekið saman stutta greinargerð þar sem áhrif frumvarps til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld eru könnuð. Í greinargerðinni eru tekin fyrir 35 íslensk sjávarútvegsfyrirtæki og eru áhrif frumvarpsins á rekstur og efnahagslega stöðu þeirra athuguð.

Af þeim fyrirtækjum sem athuguð voru eru 10 fyrirtæki í krókaafllmarkinu. Þau eru nokkuð lík og hafa svipað útgerðamynstur og samsetning kvóta er nær sú sama. Auk þessa stundar ekkert þeirra fiskvinnslu. Hin 25 fyrirtækin eru stærstu íslensku sjávarútvegsfyrirtækin og er stærð þeirra mæld í magni aflaheimilda. Þessi fyrirtæki eru nokkuð ólík. Ekki er hægt að flokka þau öll stór en um helmingur þeirra eru stór fyrirtæki en hinn helminginn má flokka sem meðalstór íslensk sjávarútvegsfyrirtæki. Útgerðarmynstur og kvótasamsetning þeirra er mjög mismunandi. Þau er flest með fiskvinnslu en þó eru nokkur þeirra hrein útgerðarfyrirtæki.

Þar sem þetta er fremur stórt úrtak, sem nær yfir rúmlega 70% aflaheimilda íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja og fjölbreytt fyrirtæki eru í úrtakinu. Þá tel ég að þessi greinargerð gefi góða mynd af áhrifum frumvarpsins á rekstur íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja.

Aðferðafræði

Aðferðafræðin sem beitt var í þessari greinargerð var að skoða rekstur og efnahagslega stöðu fyrirtækjanna árið 2011. Fæst fyrirtæki eru nú búin að skila uppgjörum fyrir árið 2012 svo stuðst var við nýjustu fáanlegar upplýsingar. Athugað var hver afli fyrirtækjanna var það ár og áætlað hvað þau greiddu í veiðigjöld. Í framhaldi af því var kannað hvað gera má ráð fyrir að félögin greiði í veiðigjöld samkvæmt frumvarpinu og hvaða áhrif það hafi á rekstur og efnahagslega stöðu fyrirtækjanna.

Mikilvæg forsenda, sem þessi greinargerð byggir á, er að rekstur fyrirtækjanna verði áfram eins og hann var 2011. Það þýðir að afli verði svipaður og afurðaverð líkt og það var þá. Þetta eru líklega of varfærnar forsendur varðandi afla á mikilvægustu botnfisktegundinni, þorski, en raunhæf varðandi aðrar tegundir. Frá árinu 2011 hafa orðið nokkrar breytingar á verði afurða. Samkvæmt gögnum Hagstofunnar er verð sjávarafurða í heild nú um 3,7% lægra en það var árið 2011 að meðaltali, en mest er lækkunin á botnfiski um 13%. Hins vegar er verð uppsjávarfisks nú 22% hærra en það var að meðaltali árið 2011. Því eru þetta líklega of bjartsýnar forsendur varðandi afurðaverð, a.m.k. hjá fyrirtækjum í botnfiskveiðum og – vinnslu en of svartsýnar í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski. Að teknu tilliti til alls þessa þ.e. of svartsýnar forsendur varðandi afla í botnfiski og of bjartsýnar forsendur varðandi afurðaverð í botnfiski þá tel ég að það vegi hvort annað að nokkru út. Og því gefi árið 2011 viðunandi mynd af líklegri þróun á rekstri og framlegð fyrirtækjanna næstu árin.

Fjárhagsstaða fyrirtækjanna

Vert er að byrja á að skoða fjárhagsstöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Í töflu 1 er yfirlit yfir fjárhagsstöðu þeirra tuttugu og fimm fyrirtækja í aflamarkskerfinu sem hér eru athuguð. Þær tölur sem taflan sýnir er rekstrarárið 2011 og tölur úr efnahagsreikningi miða því við árslok 2011.

Þær kennitölur sem þarna eru sýndar sýna skuldir í hlutfalli við framlegð, eiginfjárstaða og geta fyrirtækjanna til að greiða upp skuldir árið 2011.

Annar dálkurinn í töflunni sýnir kennitöluna nettóskuldir/EBITDA. Nettóskuldir eru heildarskuldir að frádregnum veltufjármunum. EBITDA er framlegð rekstrarins þ.e. hversu miklu reksturinn skilar fyrir vexti, afskriftir og skatta. Því má segja að ef þessi kennitala er 10, væri fyrirtæki tíu ár að greiða allar skuldir ef það endurfjárfesti ekki, greiddi ekki skatta, vexti eða arð. Almennt er talið æskilegt að þessi kennitala sé undir 5 en það er hún hjá ellefu félögum. Ef hún er á milli 5 og 10 er skuldastaðan erfið sem er hjá tíu af fyrirtækjunum. Skuldastaðan er mjög erfið fari þessi tala yfir 10, en það gerir hún hjá fjórum af þessum tuttugu og fimm félögum. Neikvæð tala þýðir að félagið er í raun skuldlaust þ.e. veltufjármunir eru hærri en skuldir. Efnahagsleg staða er þá afburða góð og á það við um tvö fyrirtæki. Taflan sýnir að hjá þessum fyrirtækjum er miðgildi þessarar kennitölu 5,2. Því má segja að fjárhagsstaða félaganna sé þökkaleg - en mjög mismunandi.

Tafla 1. Yfirlit yfir helstu kennitölur stærstu íslensku sjávarútvegsfyrirtækjanna 2011.

Fyrirtæki	Nettósk./ EBITDA	Bókfært eiginfjárh.	Endurmetið eiginfjárh.	Ár að greiða upp skuldir	EBIDA/ÞÍG
1	11,54	-63,53%	0,63%	55,87	110,92
2	5,24	33,03%	60,92%	12,56	101,63
3	-2,24	79,40%	89,06%	Skuldlaus	138,97
4	12,75	-1,82%	7,06%	Aldrei	124,62
5	5,15	24,10%	49,71%	9,54	215,27
6	6,50	-3,00%	39,20%	17,78	121,08
7	1,32	54,98%	67,53%	2,19	150,47
8	0,28	53,02%	64,92%	0,39	334,95
9	1,34	38,65%	53,34%	1,99	292,13
10	8,75	-14,41%	-2,30%	20,51	209,12
11	5,77	34,39%	46,09%	13,02	194,17
12	0,82	53,46%	77,11%	1,30	156,60
13	10,35	-35,46%	14,91%	29,59	104,86
14	3,69	16,71%	57,64%	6,08	143,55
15	5,17	26,92%	51,40%	13,60	136,71
16	4,23	48,22%	59,33%	6,87	202,58
17	52,76	-241,33%	-64,50%	Aldrei	49,03
18	0,65	51,48%	64,43%	0,92	359,36
19	2,58	26,23%	42,48%	3,98	308,40
20	-3,01	88,17%	95,04%	Skuldlaus	141,24
21	7,51	27,35%	26,34%	16,71	510,49
22	2,60	36,71%	57,81%	4,64	161,45
23	9,83	-17,60%	19,99%	33,10	153,17
24	7,04	20,75%	35,78%	19,99	112,90
25	7,05	-18,13%	41,76%	17,75	90,63
Meðaltal	6,71	12,73%	42,23%		184,97
Miðgildi	5,17	26,92%	49,71%	12,56	150,47
Staðalfrávik	10,43	63,46%	33,62%		103,73

Heimild: Ársskýrslur fyrirtækjanna og útreikningar höfundar

Þriðji dálkurinn í töflu 1 sýnir bókfært eiginfjárlutfall fyrirtækjanna. Eiginfjárlutfall er eigið fé deilt með eignum. Ef þetta hlutfall er 30%, sem almennt er talið vera æskilegt lágmark, þá fjármagnar félagið sig 30% með eigin fé en afganginn, 70% með lánsfé. Að meðaltali er þetta hlutfall 12,7% hjá þessu félögum en miðgildið er 26,9%. Miðgildið segir hér réttari sögu en meðaltalið vegna óeðlilegrar slæmrar fjárhagstöðu fyrirtækis númer 17. Því er efnahagsleg staða þessara fyrirtækja almennt nokkuð góð. Þó eru nokkur fyrirtæki með fremur veika bókfærða eiginfjárstöðu. Ein ástæða þessa er að eiginfé margra fyrirtækja þurrkaðist út eftir mikið gengistap sem var við hrun íslensku krónunnar árið 2008. Af tuttugu og fimm félögum eru átta með neikvætt bókfært eiginfjárlutfall. Það þýðir að bókfært virði eigna er lægra en virði skulda.

Fjórði dálkurinn í töflu 1 sýnir endurmetið eiginfjárlutfall. Þessi kennitala er sú sama og kennitalan í þriðja dálki að því undanskildu að aflaheimildir eru metnar á áætluðu markaðsverði.¹ Mjög misjafnt er hvernig verðmæti veiðiheimilda er bókfært í ársreikningum fyrirtækjanna. Sum bókfæra verðmæti þeirra mjög lágt meðan önnur bókfæra verðmæti þeirra allt að 100% af áætluðu markaðsvirði. Þessi kennitala sýnir almennt góða eiginfjárstöðu þessara fyrirtækja en að meðaltali er hún 42,2%, en miðgildið sem sýnir réttari mynd er 49,7%. Hjá tveimur félögum er þessi kennitala neikvæð og því er raunveruleg efnahagsleg staða þessara tveggja fyrirtækja mjög slæm.

Fimmti dálkurinn í töflu 1 sýnir hversu lengi félögin eru að greiða upp allar skuldir. Stuðst er við eftirfarandi forsendur við útreikningana á því:

- Viðmiðunarárið er rekstur félaganna árið 2011 og er gengið út frá því að rekstur félaganna verði til framtíðar líkt og hann var árið 2011. Árið 2011 var gott í rekstri íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Telja má að það gefi góða mynd af framtíðarhorfum greinarinnar. Ekki er gert ráð fyrir gengisbreytingum og verðlagshækkunir eru ekki inni í útreikningunum. Gengi krónunnar er nú veikt og bendir margt til þess að það verði það áfram. Ef gengið styrkist þá lækkar EBITDA hagnaður fyrirtækjanna. Hins vegar lækka skuldirnar við styrkingu krónunnar og vegur það nokkuð á móti við útreikning á þeim tíma sem tekur að greiða niður skuldir. Ekki er hægt að spá fyrir um gengi gjaldmiðla og því verður gengið út frá óbreyttu gengi.
- Raunvextir lána fyrirtækjanna eru áætlaðir á bilinu 5,0%-6,5% en lánskjör sérhvers fyrirtækis voru metin. Almennt voru kjörin áætluð lakari hjá verr stöddum fyrirtækjum en þeim betur stæðu og lakari hjá smærri fyrirtækjum en stærri.
- Árleg endurfjárfestingarþörf er metin hjá hverju fyrirtæki og eru afskriftir stundum góður mælikvarði á hana. Frá árinu 2005 hefur aflahlutdeild almennt ekki verið afskrifaðar í reikninum sjávarútvegsfyrirtækja en afskriftir frá þeim tíma hafa verið vegna fastafjármuna. Endurfjárfestingarþörf fyrirtækjanna er metin almennt nokkru hærri en afskriftir. Ástæður þessa eru gengisfall krónunnar en fall hennar veldur því að núverandi afskriftir eru ekki í samræmi við kostnað við endurnýjun skipa, tækja og búnaðar. Yfirleitt er endurfjárfestingarþörf fyrirtækjanna nálægt 40 kr. á hvert þorskígildi aflaheimilda. Nokkru lægra þó hjá fyrirtækjum sem eingöngu eru í útgerð og enn lægra hjá fyrirtækjum sem eru í krókaafلامarkskerfinu.
- Gert er ráð fyrir tekjuskatti og er hann reiknaður út fyrir sérhvert fyrirtæki. Tekið er tillit til uppsafnaðs taps þar sem upplýsingar um það liggja fyrir. Ekki er gert ráð fyrir arðgreiðslum til eigenda fyrirtækjanna.

Því má í stuttu máli segja að dálkur fimm í töflunni sýni hversu mörg ár er áætlað að það taki fyrirtækin að greiða upp skuldir ef eðlilegum rekstri er haldið áfram og hann verði áfram í sama formi og 2011, engar eignir keyptar eða seldar og eðlileg endurnýjun verði á skipum, húsnæði og tækjum. Taflan sýnir að tvö félög ná aldrei að greiða upp skuldir. Miðgildi þessarar kennitölu er 12,6 ár hjá þessum fyrirtækjum.

Sjötti og seinasti dálkurinn sýnir síðan EBITDA félaganna á landaðan afla skipa þeirra í þorskígildum árið 2011. EBITDA er framlegð rekstrarins þ.e. hversu mikið reksturinn skilar

¹ Miðað var við eftirfarandi verð á aflahlutdeild á mikilvægustu fisktegundum: Þorskur 2200 kr./kg. Ýsa 950 kr./kg. Ufsi 500 kr./kg. Hvert 1% af loðnuhlutdeild var metið á 225 millj. kr. og hvert 1% af

fyrir vexti, afskriftir og skatta. Vegna þess að veiðigjaldið er miðað við þorskígildi gefur þessi kennitala ágætar upplýsingar um getu rekstrarins til að standa undir veiðigjaldi. Talflan sýnir að mikill munur er á þessu milli fyrirtækja. Hæst er þessi kennitala hjá fyrirtæki 21 en þar var EBITDA á þorskígildi 2011 510 krónur. Það er mjög hátt en þetta fyrirtæki kaupir mikið hráefni af öðrum og vinnur mun meiri afla en eigin skip landa. Því er þessi kennitala ekki alveg marktæk hjá þessu fyrirtæki. Lægst er þessi kennitala síðan 49 krónur hjá fyrirtæki 17 en rekstur þess virðist vera í algerum ólestri. Að meðaltali var EBITDA á þorskígildi þessara fyrirtækja 185 krónur og miðgildi 150 árið 2011. Almennt var þessi tala hæst hjá fyrirtækjum sem eru með verulegar aflaheimildir í uppsjávarfiski en lægri hjá fyrirtækjum sem byggja á botnfiski. Lægst var þessi tala þó yfirleitt hjá fyrirtækjum sem nær eingöngu eru í útgerð og ekki með aflaheimildir í uppsjávarfiski. Þau fyrirtæki eru þá einna viðkvæmust fyrir verulegri hækkun á veiðigjaldi.

Þegar horft er á töfluna sýnir hún nokkuð misjafna fjárhagsstöðu. Ellefu fyrirtæki má flokka í góðri fjárhagsstöðu, þ.e. þau eru annað hvort skuldlaus eða eru mjög fljót að greiða upp allar skuldir. Tíu fyrirtæki eru í erfiðri, en vel viðráðanlegri, fjárhagsstöðu en hjá fjórum er hún mjög slæm. Af þeim fyrirtækjum sem eru í mjög slæmri fjárhagsstöðu og núverandi rekstur nær ekki að standa undir skuldum þá eru tvö með neikvætt endurmetið eigið fé. Þau eiga fáa kosti og líklegt að þar komi til fjárhagsleg endurskiplagning á næstu misserum.

Ekki þykir rétt að upplýsa hver þessi fjögur fyrirtæki eru sem eru í verstri stöðu. Þó má segja að það sem einkenni þau er að þau eru staðsett á vesturhluta landsins. Þau hafa ekki veiðiheimildir í uppsjávarfiski og eru í minni kantinum af þessum tuttugu og fimm fyrirtækjum.

Í töflu 2 eru sömu upplýsingar og í töflu 1. Eini munurinn er að tafla 2 sýnir tíu fyrirtæki í krókaafلامarkskerfinu (litla kerfinu). Notaðar voru sömu forsendur og áður þegar reiknað var út hversu lengi félögin væru að greiða upp skuldir. Félögin voru valin tilviljanakennt og eru þarna stór, miðlungsstór og lítil fyrirtæki í litla kerfinu.

Taflan sýnir að almennt er fjárhagsstaða þessara fyrirtækja mjög mismunandi en yfirleitt er hún afleit. Þrjú fyrirtæki eru í góðri fjárhagsstöðu, eitt er í erfiðri, en afgangurinn, sex fyrirtæki, eru í afleitri fjárhagsstöðu. Öll þessi sex fyrirtæki eru með neikvætt endurmetið eigið fé þegar verðmæti veiðiheimilda er metið á áætluðu markaðsverði.² Því er raunverulegt verðmæti eigna minna en skulda hjá þessum fyrirtækjum. Þau eiga því líklega fáa möguleika og líklegt að fjárhagur þeirra verði endurskipulagður á næstu misserum. Áhugavert er að skoða framlegð (EBITDA) félaganna á þorskígildi. Að meðaltali var hún 114 krónur á þorskígildi. Hæst var hún 255 krónu en lægst 12 krónur. Þarna var því mjög mikill breytileiki – reyndar það mikill að reikningskil sumra þessara fyrirtækja virka ótrúverðug.

² Miðað var við eftirfarandi verð á aflahlutdeild: Þorskur 1850 kr./kg. Ýsa 950 kr./kg. Ufsi 300 kr./kg. Steinbítur 750 kr./kg.

Tafla 2. Yfirlit yfir helstu kennitölur tíu fyrirtækja í krókaafلامarkskerfinu 2011

Fyrirtæki	Nettósk/ EBITDA	Bókfært eiginfjárh.	Endumetið eiginfjárh.	Ár að greiða upp skuldir	EBIDA/ÞÍG
1	17,91	-91,47%	-56,13%	Aldrei	130,59
2	36,80	-75,00%	-76,98%	Aldrei	128,14
3	24,25	-9,27%	-42,72%	Aldrei	119,72
4	42,69	-152,11%	-118,52%	Aldrei	75,83
5	0,89	54,63%	73,79%	1,23	106,41
6	8,18	0,88%	3,66%	14,38	25,50
7	10,35	1,89%	-319,11%	22,87	143,68
8	6,52	20,92%	40,68%	11,34	255,14
9	81,75	-42,98%	-47,31%	Aldrei	11,63
10	5,69	-40,60%	40,33%	10,57	144,28
Meðaltal	23,50	-33,31%	-50,23%		114,09
Miðgildi	14,13	-24,94%	-45,01%		123,93
Staðalfrávik	24,71	60,59%	111,82%		68,36

Heimild: Ársskýrslur fyrirtækjanna og útreikningar höfundar

Helstu atriði frumvarpsins

Frumvarpið er viðbætt við lög nr. 74 frá 2012 um veiðigjald. Árið 2011 voru í gildi einfaldar reglugerðir um veiðigjöld. Fiskveiðiárið 2010/2011 var veiðigjaldið 6,44 krónur á þorskígildi en fiskveiðiárið 2011/2012 var veiðigjaldið 9,46 krónur. Vegið meðaltal þessa er 7,45 krónur á þorskígildi á almanaksárinu 2011.

Veigamiklar breytingar voru síðan á veiðigjaldi með lögum nr. 74 á árinu 2012 (lög um veiðigjöld). Mikilvægasta breytingin var að almennt veiðigjald var sett 9,5 krónur á hvert þorskígildiskíló. Síðan var ákveðið að sérstakt veiðigjald væri 50-60% af stofni til útreiknings að frádregnu almennu veiðigjaldi. Fyrsta árið, þ.e. núverandi fiskveiðiár, var þó sérstaka veiðigjaldið 23,2 krónur á þorskígildi í botnfiskveiðum en 27,5 krónur á uppsjávarfisk. Hverjum aðila var síðan gefin afsláttur af þessu veiðigjaldi þ.e. fyrstu 30 tonn hvers rekstraraðila voru án sérstaks veiðigjalds en næstu 70 tonn með hálfu sérstöku veiðigjaldi. Þessi afsláttur skiptir litlu máli nema hjá minnstu útgerðunum.

Annað mikilvægt atriði í lögum nr. 74 frá árinu 2012 var ákvæði II til bráðabirgða. Samkvæmt því lækkaði sérstakt veiðigjald sumra útgerðarfélaganna vegna fyrri kaupa á aflahlutdeilum. Þetta ákvæði er í gildi allt til loka fiskveiðiársins 2017/2018. Þetta ákvæði lækkar sérstakt veiðigjald ýmissa fyrirtækja verulega en mörg fyrirtæki, a.m.k. þau sem eru betur stödd fjárhagslega fá ekki þennan afslátt. Nær óframkvæmanlegt er að reikna þennan afslátt út (enda byggir hann á trúnaðarupplýsingum frá fyrirtækjunum) en stuðst er við útreikninga Fiskistofu á þessum afslætti. Þeir útreikningar eru því notaðir hér þegar þessi afsláttur á sérstöku veiðigjaldi er áætlaður hjá einstökum fyrirtækjum.

Það frumvarp, um breytingu á lögum um veiðigjald, sem hér er metið breytir einungis fáum en viðamiklum atriðum í lögum nr. 74 frá árinu 2012. Næsta fiskveiðiár verður sérstakt veiðigjald 7,38 krónur á hvert sérstakt þorskígildiskíló í botnfiskveiðum og 38,25 krónur á hvert sérstakt þorskígildiskíló í uppsjávarveiðum skv. frumvarpinu. Þetta er mikil lækkun sérstaks veiðigjalds á bolffisk frá því sem það er núverandi fiskveiðiár en nokkur hækkun á uppsjávarfiski.

Önnur mikilvæg breyting er tilkoma sérstaks þorskígildisstuðuls. Sérstakur þorskígildisstuðull verður reiknaður út frá verðmætaútreikningi, miðað við heildarflamagn og heildarverðmæti fisktegunda, að frádregnu því magni og verðmæti sem unnið er um borð í fiskiskipi. Ekki er búið að gefa út þessa stuðla og því erfitt að meta áhrif þessa. Þó er ljóst að þetta hefur áhrif á nokkrar tegundir þ.e. lækkun á hefðbundnum þorskígildisstuðlum grálúðu, karfa og ufsa en hækkun á stuðli síldar. Þetta hefur því einhver árið á sérstakt veiðigjald sumra fyrirtækja. Því er reynt að áætla nýjan stuðul fyrir þessar fjórar fisktegundir. Áætla má að stuðullinn fyrir grálúðu lækki um 34% frá núverandi stuðli, lækkun ufsa verði 18% og lækkun karfa verði 11%. Hins vegar má áætla að hækkun síldar verði 30%. Litlar breytingar verði síðan á öðrum stuðlum frá núverandi þorskígildisstuðlum.

Mikilvægt er að ákvæði II til bráðabirgða í lögum nr. 74 frá árinu 2012 verður áfram í gildi. Því munu fyrirtæki áfram fá afslátt af sérstöku veiðigjaldi vegna kostnaðar við fyrri kaup á veiðiheimildum. Einnig verður áfram afsláttur af sérstöku veiðigjaldi á hvern rekstraraðila. Þ.e. fyrstu 30 tonn hvers rekstraraðila er án sérstaks veiðigjalds en næstu 70 tonn með hálfu sérstöku veiðigjaldi. Tekið er tillit til beggja þátta þ.e. ákvæðis II og afsláttarins vegna fyrstu 100 tonnanna í greinungu á áhrifum frumvarpsins.

Áhrif frumvarpsins á rekstur og efnahag

Tafla 3 sýnir áhrif frumvarpsins á rekstur stóru og meðalstóru fyrirtækjanna. Taflan sýnir hver áhrif frumvarpið hefur miðað við veiðigjaldið sem félögin greiddu 2011 en þá má áætla að þau hafi greitt 7,45 krónur á þorskígildi í veiðigjald. Fyrirtækin gjaldfæra veiðigjald meðal rekstrargjalda þannig að veiðigjaldið lækkar EBITDA. Dálkar tvö og fjögur í töflunni sýna því áhrif hækkunar frumvarpsins á veiðigjald umfram 7,45 kr. á þorskígildi.

Annar dálkur töflunnar sýnir áhrif frumvarpsins á EBITDA miðað við hvernig það var 2011. Almennt hefur framvarpið lítil áhrif á EBITDA félaganna. Þetta á sérstaklega við fyrirtæki í bolfiskveiðum og vinnslu. Frumvarpið lækkar EBITDA hjá þeim öllum um minna en 10%. Hjá mörgum fyrirtækjum hefur frumvarpið mjög lítil áhrif á EBITDA. Gott dæmi er fyrirtæki númer 6 í töflunni. Þetta fyrirtæki flokkast sem meðalstórt íslensk sjávarútvegsfyrirtæki. Það er í bolfiskveiðum og vinnslu en er ekki með veiðiheimildir í uppsjávarfiski. Árið 2011 má áætla að félagið hafi greitt 7,45 krónur á hvert þorskígildi í veiðigjald. Áhrif frumvarpsins eru að það greiðir svipað veiðigjald og þá eða 9,1 krónu á hvert þorskígildiskiló. Félagið greiðir ekkert sérstakt veiðigjald en ástæður þessa er sú að ákvæði II til bráðabirgða í lögum nr. 74 frá 2012 leiðir til þess að félagið fær afslátt af öllu sérstöku veiðigjaldi. Félagið greiðir aðeins almennt veiðigjald sem lækkar úr 9,5 krónum á þorskígildi í 9,1 krónur á þorskígildi vegna sérstöku þorskígildisstuðlanna.

Ef við skoðum fyrirtæki númer 6 áfram þá hefur frumvarpið þau áhrif að EBITDA lækkar um einungis 1,4% frá 2011 eins og sést í öðrum dálki töflunnar. Frumvarpið hefur því sáralítil áhrif á getu fyrirtækisins til að greiða skuldir eins og þriðji og fjórði dálkur töflunnar gefa til kynna. Fimmti dálkurinn sýnir að félagið mun greiða 31 millj. kr. í veiðigjald og er það einungis almennt veiðigjald og seinasti dálkurinn sýnir að félagið greiðir 9,1 krónur á veiðigjald á þorskígildi.

Fyrirtæki númer 18 er dæmigert fyrirtæki í uppsjávarveiðum og vinnslu. Stærstur hluti rekstrar þess er veiðar og vinnsla uppsjávarfisks en einnig rekur það bolfiskvinnslu og – útgerð. Félagið er mjög sterk fjárhagslega og fær því ekki afslátt af sérstöku veiðigjaldi. Frumvarpið hefur því þau áhrifa að EBITDA þess lækkar um 9,4% miðað við árið 2011. Áætla má að félagið greiði tæplega 870 millj. kr. í veiðigjald skv. frumvarpinu og veiðigjald á þorskígildi verði 41,1 króna. Þrátt fyrir það hefur þetta ekki veruleg áhrif á efnahagslega

stöðu þess enda er hún mjög traust. Frumvarpið lengir lítið þann tíma sem það tekur fyrirtækið að greiða upp allar skuldir eins og sést í dálkum 3 og 4 í töflunni.

Tafla 3 sýnir að frumvarpið er lítt íþyngjandi fyrir flest íslensk sjávarútvegsfyrirtæki. Að meðaltali lækkar EBITDA þeirra um 6,6% frá því sem það var 2011 þegar þau greiddu 7,45 krónur á þorskígildi í veiðigjald. Flest meðalstór fyrirtæki sem eru í veiðum og vinnslu á bolfiski munu greiða lítið eða ekkert sérstakt veiðigjald. Ástæður þessa er að ákvæði II til bráðabirgða í lögum nr. 74 frá 2012 leiðir til þess að mörg þeirra fá afslátt af öllu sérstöku veiðigjaldi. Enda þarf ekki mikinn aflátt til að sérstakt veiðigjald uppá 7,38 krónur á þorskígildi þurrkist að mestu út. Því hefur frumvarpið mjög lítil áhrif á meðalstór fyrirtæki í bolfiskveiðum og –vinnslu og má segja að mörg þeirra finni vart fyrir því.

Áhrif frumvarpsins eru hins vegar mun meiri á fyrirtæki sem byggja á veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski. Þau greiða verulegt, má jafnvel tala um hátt, sérstakt veiðigjald. Þessi fyrirtæki eru níu af tuttugu og fimm í töflunni. Að meðaltali lækkar EBITDA hjá þeim um 12,7% vegna frumvarpsins frá árinu 2011. Hjá öðrum fyrirtækjunum í töflunni lækkar EBITDA hins vegar ekki nema um 3,1% að meðalti. Áhrif frumvarpsins eru því í raun nær eingöngu íþyngjandi fyrir fyrirtæki í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski. Þessi fyrirtæki standa þó nær öll mjög vel fjárhagslega og er efnahagur flestra þeirra nú afskaplega traustur. Því þola þau flest vel þetta veiðigjald og það hefur lítil áhrif á efnahagslega stöðu þeirra.

Tafla 3. Áhrif frumvarpsins á rekstur stærstu fyrirtækjanna miðað við rekstur ársins 2011.

Fyrirtæki	Áhrif frumvarpsins á EBITDA mv. 2011	Ár að greiða upp skuldir mv. 2011	Eftir frumvarp ára að greiða skuldir	Greitt veiðigjald millj. kr. skv. frumvarp	Veiðigjald á þorskígildi skv. frumvarpinu Kr./þ
1	-1,49%	55,87	63,54	49	9,09
2	-7,50%	12,56	14,34	298	15,06
3	-5,84%	Skuldlaus	Skuldlaus	258	15,56
4	-0,85%	Aldrei	Aldrei	25	8,50
5	-13,08%	9,54	11,81	271	35,60
6	-1,38%	17,78	18,35	31	9,11
7	-15,94%	2,19	2,76	1.748	31,43
8	-11,98%	0,39	0,45	185	47,57
9	-11,81%	1,99	2,31	972	41,94
10	-0,97%	20,51	20,92	41	9,47
11	-0,85%	13,02	13,23	24	9,08
12	-16,62%	1,30	1,63	161	33,47
13	-8,53%	29,59	38,69	155	16,38
14	-1,22%	6,08	6,18	30	9,18
15	-1,02%	13,60	13,90	117	8,84
16	-10,95%	6,87	8,00	959	29,63
17	-4,06%	Aldrei	Aldrei	29	9,43
18	-9,37%	0,92	1,06	869	41,11
19	-8,95%	3,98	4,46	508	35,04
20	-5,81%	Skuldlaus	Skuldlaus	84	15,65
21	-0,34%	16,71	16,82	23	9,17
22	-15,88%	4,64	5,97	622	33,08
23	-1,27%	33,10	34,53	118	9,39
24	-3,19%	19,99	21,65	210	11,04
25	-5,22%	17,75	19,83	81	12,17
Meðaltal	-6,56%	13,73	15,26	315	20,24
Miðgildi	-5,81%	12,56	13,21	155	13,21
Staðalfrávik	5,43%	13,42	15,24	421	13,12

Heimild: Ársskýrslur fyrirtækjanna og útreikningar höfundar

Tafla 4 sýnir áhrif frumvarpsins á rekstur tíu fyrirtækja í krókaaflamarkinu. Taflan gefur sömu upplýsingar og tafla 3. Því miður er ekki hægt að taka reiknisskil allra þessara félaga trúanlega sérstaklega félags 6 og 9 en óeðlilega lágt EBITDA á þorskígildi gefur til kynna að rekstur þeirra hefði verið óvenjulegur árið 2011. Að þessum félögum slepptum kemur í ljós að frumvarpið hefur lítil íþyngjandi áhrif á rekstur fyrirtækja í krókaaflamarkinu. Miðgildi dálks 2 sýnir að lækkun EBITDA þessara félaga er 1,8% frá því sem það var 2011 vegna áhrifa frumvarpsins. Því hefur frumvarpið mjög lítil íþyngjandi áhrif á rekstur fyrirtækja í krókaaflamarkskerfinu.

Tafla 4. Áhrif frumvarpsins á rekstur tíu fyrirtækja í krókaafلامarkskerfinu miðað við rekstur ársins 2011.

Fyrirtæki	Áhrif frumvarpsins á EBITDA mv. 2011	Ár að greiða upp skuldir mv. 2011	Eftir frumvarp ára að greiða skuldir	Greitt veiðigjald millj. kr. skv. frumvarj	Veiðigjald á þorskígildi skv. frumvarpinu Kr./þig
1	-1,54%	Aldrei	Aldrei	16	9,45
2	-6,17%	Aldrei	Aldrei	6	15,35
3	-1,67%	Aldrei	Aldrei	9	9,44
4	-1,99%	Aldrei	Aldrei	2	8,95
5	-8,24%	1,23	1,35	13	16,20
6	-35,18%	14,38	28,80	18	16,41
7	-1,43%	22,87	23,50	8	9,50
8	-0,75%	11,34	11,46	5	9,36
9	-68,50%	Aldrei	Aldrei	5	15,40
10	-1,42%	10,57	10,80	2	9,49
Meðaltal	-12,69%			9	11,96
Miðgildi	-1,83%			7	9,49
Staðalfrávik	22,21%			6	3,36

Heimild: Ársskýrslur fyrirtækjanna og útreikningar höfundar

Samantekt og niðurstöður

Að beiðni Kristjáns Skarphéðinssonar ráðuneytisstjóra Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins hef ég tekið saman stutta greinargerð þar sem áhrif frumvarps til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld eru könnuð. Í þessari greinargerð eru tekin fyrir samtals 35 íslensk sjávarútvegsfyrirtæki og eru áhrif frumvarpsins á rekstur og efnahagslega stöðu þeirra athuguð.

Þeirri aðferðafræði er beitt við þessa athugun að stuðst er við nýjustu fánlegu ársskýrslur fyrirtækjanna þ.e. fyrir árið 2011. Kannað er hvaða áhrif frumvarpið hefur á rekstur fyrirtækjanna miðað við rekstur þeirra það ár en þá má áætla þau hafi greitt 7,45 krónur á þorskígildi að meðaltali í veiðigjald.

Niðurstaðan er sú að frumvarpið er lítt íþyngjandi fyrir flest íslensk sjávarútvegsfyrirtæki. Hjá tuttugu og fimm stærstu fyrirtækjunum lækkar EBITDA að meðaltali um 6,6% frá því sem það var 2011 þegar þau greiddu 7,45 krónur á þorskígildi í veiðigjald. Flest meðalstór fyrirtæki sem eru í veiðum og vinnslu á bolfiski munu greiða lítið eða ekkert sérstakt veiðigjald samkvæmt frumvarpinu. Ástæður þessa er ákvæði II til bráðabirgða í lögum nr. 74 frá 2012 sem leiðir til þess að mörg þeirra fá afslátt af öllu sérstöku veiðigjaldi vegna vaxtakostnaðar við kaup á aflaheimildum. Enda þarf ekki mikinn aflátt til að sérstakt veiðigjald uppi 7,38 krónur á þorskígildi þurrkist að mestu út. Því hefur frumvarpið mjög lítil íþyngjandi áhrif á meðalstór fyrirtæki í bolfiskveiðum og –vinnslu og má segja að mörg þeirra finni vart fyrir því. Sama má segja um fyrirtæki í krókaafلامarkskerfinu en frumvarpið hefur mjög lítil áhrif á rekstur þeirra.

Áhrif frumvarpsins eru hins vegar mun meiri á fyrirtæki sem byggja á veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski. Þau greiða verulegt, má jafnvel tala um hátt, sérstakt veiðigjald samkvæmt frumvarpinu. Þessi fyrirtæki eru níu af tuttugu og fimm stærstu fyrirtækjunum. Að meðaltali lækkar EBITDA hjá þeim um 12,7% vegna frumvarpsins frá árinu 2011. Hjá öðrum fyrirtækjum, sem ekki eru í uppsjávarfiski, lækkar EBITDA hins vegar ekki nema um 3,1% að meðaltali. Áhrif frumvarpsins eru því í raun nær eingöngu íþyngjandi fyrir fyrirtæki í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski. Þau standa þó nær öll mjög vel fjárhagslega og er

efnahagur flestra þeirra nú orðinn afskaplega traustur. Því þola þau flest vel þessa hækkun veiðigjalds og það hefur yfirleitt lítil áhrif á efnahagslega stöðu þeirra.